LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949

# Þingskjal nr. __

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir _____

**Tillaga**

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir breytingu á Reglugerð um Íslandsmót, við bætist ný grein um verðlaun.

*Við bætist ný grein er verður 8. gr. Verðlaun*

- Merki LH skal vera á öllum verðlaunum
- Í hringvallasgreinum skal afhenda bikara fyrir fyrstu þrjú sætin og að lágmarki verðlaunapening fyrir sæti 4-10.
- Í skeiðgreinum skal afhenda bikara fyrir fyrstu þrjú sætin og að lágmarki verðlaunapening fyrir sæti 4-6.

**Greinargerð:**

Kallað hefur verið eftir því af mótshöldurum Íslandsmóta að fjöldi verðlauna verði samræmdur. Til viðmiðunar var horft til reglna um verðlaun á heimsmeistaramóti í FEIF reglum (G6.13.Prizes).